

Ársskýrsla stjórnar CCU samtakanna - Starfsárið 2022

Stjórnarfundir voru 5 þetta árið og allir á netinu. Um áramót voru 648 manns í samtökunum, 642 í lokaða umræðuhópnum, 96 í ungliðahópnum og ca. 1800 manns fylgdu okkur á fésbókinni.

8. febrúar 2022. Formannafundur aðildarfélaganna ÖBÍ á Grand hótél. Edda mætti á fundinn.

22. febrúar 2022. Aðalfundur í sal Vistor og hefðbundin aðalfundastörf voru á dagskrá. Ný stjórn var kosin og skipti með sér verkum eftirfarandi: Edda Svavarsdóttir formaður, Elísabet Sverrisdóttir varaformaður, Hulda Björg Þórðardóttir gjaldkeri, Sóley Veturliðadóttir ritari og María Olsen meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir Hrefna B. Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, skoðunarmenn reikninga Emil B. Hallgrímsson og Hrönn Petersen og umsjónarmaður vefsíðu er Svavar Kjarrval. Enn vantar nýja umsjónarmenn fyrir ungliðahópinn. Félagsgjöld voru ákveðin óbreytt kr. 2.000. Kjartan Örvar meltingarsérfræðingur flutti pistil eftir fundinn og talaði m.a. um Calprotectin prófin, rannsóknir og reynslu af þeim.

1. apríl 2022. Stefnuþing ÖBÍ fór fram á netinu. Þátttakendum var skipt niður í hópa og viðfangsefnum forgangsraðað í rafrænum kosningum. Dagurinn var vel skipulagður og gekk vel. Hulda og Edda sátu þingið.

28. apríl 2022. Fræðslufundur í sal Vistor. Ragnhildur Þórðardóttir (Ragga nagli) var með mjög góðan fyrirlestur um streitu sem var vel sóttur.

1. - 19. maí 2022. Vitundarvakningarátak á Fésbókinni frá 1. til 19. maí undir slagorðinu “ Þú sérð það ekki utan á mér“ . Þemað var IBD og eldri borgarar og sem fyrr sá Webmo um uppsetninguna.

28. maí 2022. Aðalfundur EFCCA fór fram á netinu og sat Edda fundinn.

11. júní 2022. Stefnuþing EFCCA í Barcelona. Edda sat fundinn fyrir hönd CCU og voru þátttakendur mjög ánægðir með að fá loksins að hittast.

20. ágúst 2022. Reykjavíkurmaraþonið fór loksins fram á hefðbundinn máta og átta einstaklingar tóku þátt fyrir CCU. Þeir söfnuðu alls 250.549,- þúsund krónum sem er algerlega frábært ! Kærar þakkir fyrir stuðninginn !

6. október 2022. Fræðslufundur í sal Vistor undir fyrirsögninni “Spurt og svarað”. Þrjár kjarnakonur, Sigríður Hanna Ingólfssdóttir félagsráðgjafi hjá ÖBÍ, Anna Lind Traustadóttir næringarfræðingur og Anna Soffía Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun einstaklinga með meltingarsjúkdóm, sátu fyrir svörum og tókst fundurinn mjög vel.

7. - 8. október 2022. Aðalfundur ÖBÍ á Hilton hótél Reykjavík. Edda, Hulda og Hrefna mættu sátu fundinn fyrir CCU og þetta var styðsti aðalfundur sem við höfum setið, fyrri degi lauk á réttum tíma og seinni degi lauk kl. 13:00. Kosning var rafræn og gekk vel.

3. nóvember 2022. Sameiginlegur fræðslufundur með Stómasamtökunum í Skógarhlíðinni. Fyrirlesari var Snorri Ólafsson sérfræðingur í meltingarsjúkdómum var með einkar fróðlegan fyrirlestur en mæting hefði mátt vera betri.

11. nóvember 2022. Starfsdagur IBD hjúkrunarfræðinga sem frestar var í fyrra var loksins haldinn. Anna Lind tók að sér að kynna samtökin þar sem enginn úr stjórn var á lausu þennan dag og þökkum við henni kærlega fyrir.

Í sumar gekk foreldrahópur CCU í Umhyggju sem veitir margvíslegan stuðning fyrir fjölskyldur langveikra barna. Norðurlandafundi sem Svíþjóð sér um var frestað til næsta árs vegna veikinda.

Stjórn CCU.